

## Ferli við launaáætlunargerð 2022

Fyrst ber að nefna að launaáætlun er á ábyrgð forstöðumanna og viðkomandi sviðsstjóra og er gríðarlega mikilvægt að viðkomandi starfsmenn vandi vel vinnubrögð og setji sig vel inn í allar forsendur áætlunargerðar.

**1. júní** – Launadeild sendir vinnubók með upplýsingum um starfsmenn sem eru í fyrstu drögum að áætlun. Þetta skjal er byggt á fyrri áætlun. Hér fara forstöðumenn yfir nafnalistann og senda breytingaóskir til launadeildar. Launadeild uppfærir svo nafnalistann eftir óskum forstöðumanna og sendir uppfærða vinnubók.

### Lokaskil: 30.júní

**1. júlí** – Forstöðumenn sjá sjálfir um að skrá einingar í launaáætlun á launaáætlunarvef og hafa til þess tvo mánuði. Starfsmaður á launadeild verður til taks allan þennan tíma til ráðleggingar, en jafnframt hafa verið sendar ýtarlegar leiðbeiningar hvernig launaáætlun er unnin á vef. Ef nauðsyn krefur er hægt að óska eftir fundi með deildarstjóra launadeildar þar sem farið er nánar í skráningaferlið og fengin kennsla.

### Lokaskil: 1.september

**1. september** – Launadeild sendir fyrstu drög að skráningu launaáætlunar til sviðsstjóra og forstöðumanna, ásamt samanburði milli eininga helstu launaliða milli áætlana 2021 og 2022. Að auki er send tafla sem sýnir áætlaðan heildarkostnað ásamt breytingu milli ára og fjölda stöðugilda milli mánaða.

### Lokaskil: 15. september

**15. september** – Eftir að launadeild sendir samanburðarskjöl hafa sviðsstjórar svigrúm til að skoða ýtarlega niðurstöður og samanburð með sínum forstöðumönnum og gert leiðréttingar eða óskað eftir breytingum til launadeildar.

### Lokaskil: 30. september

**1. október** skal launaáætlunarvinnu lokið.